Sigfúsi Jónssyni á Undirfelli, verði endrgoldin af tekjum Tjarnarkirkju 200 rd. af skuld þeirri, er kirkja þessi er í við hann, og að þessi 200 rd. — tvö hundruð ríkisdala — verði smátt og smátt færð til sem gjald í ársreikningum kirkjunnar, þannig, að prófastrinn ákveði, hversu mikið, með tilliti til hinna nauðsynlegu útgjalda kirkjunnar, skuli endrgoldið á hverju ári. **63** 23ðja febrúar 1874.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu). **64**

Með brèfi 11. f. m. hefir sýslumaðrinn í Eyjafjarðarsýslu tjáð mèr, að hann hafi í brèfi til varaþingmanns Páls Magnússonar á Kjarna, látið það álit í ljósi, að lestagjald sè eigi lögboðið fyrir þau skip, er einungis flytja fólk frá höfnum landsins, og óskað leiðbeiningar minnar um það, hvort nokkurs sèrstaks skyldi vera að gæta við slík fólksflutningsskip. 25ta marts 1874.

Í tilefni hèr af skal eg hafa yðr herra amtmaðr umbeðinn að kynna nefndum sýslumanni það, er nú segir:

Það er fyrirskipað í 4. grein laga 15. apríl 1854, að greiða eigi lestagjald af öllum skipum, sem flytji hingað eðr hèðan vörur, og það er varla hugsandi, að menn skyldu geta staðið sig við að senda tóm skip hingað til að sækja útferðarmenn. Það verðr því, ef það skyldi verða borið fyrir, að fólksflutningsskip hefði engar vörur meðferðis, skylda lögreglustjórans að ransaka sem nákvæmlegast, rækilegast og stranglegast, hvort þessi viðbára sè sönn, sumpart með því að skoða skipsskjölin og sumpart með því að fara um borð í skipið og láta sýna sèr það. Reynist þá, að nokkuð af lestarúmi skipsins sè upptekið af vörum, verðr að heimta lestagjald af öllu skipinu. Með tilliti til þeirra manna sem ætla út, er það skylda lögreglustjórnarinnar að sjá um, að þeir verði eigi sviknir af eigingjörnum »agentum«, og verðr því að heimta skýrslu af þeim mönnum, er útvega landsmönnum far til að flytjast af landi burt, um hin einstöku atriði í samningum þeim, er samdir verða um burtflutninginn, og að veita ferðamönnum alla mögulega aðstoð gegn »agentunum«, ef þeir þykja ofhaldnir. Þar að auki á lögreglustjórinn að hafa eptirlit með skipi því, sem ætlað er til flutningsins, sjá um að það verði eigi ofhlaðið ferðamönnum, að alt sè sem þrifalegast á skipinu, og að ekkert það sè á því, sem geti spilt heilsufari ferðamanna, og á lögreglustjórinn með tilliti hèr til að leita ráða læknis, ef kostr er á því. Að öðru leyti verða sjálfsagt eigi settar nákvæmar reglur um skyldur lögreglustjóra gagnvart fólksflutningum. Mest er komið undir röksemd og lagi hlutaðeigandi embættismanns.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu). **65**

Með brèfi 24. febrúar þ. á. hafið þèr herra amtmaðr sent mèr brèf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, þar er hann eptir tilmælum hreppstjóranna í Akrahreppi áfrýjar úrskurði yðar frá 1. sept. f. á. um, að Jón smiðr Jónsson á Akreyri eigi rètt til framfærslu af nefndum Akrahreppi. 18da apríl 1874.

Mál þetta er þannig undirkomið: Eptir að nefndr Jón smiðr ásamt 2 öðrum mönnum vorið 1869 hafði farið þess á leit í brèfi til bæjarstjórnarinnar, að sèr yrði útveguð lítil matbjörg lánuð, þar til hagr hans kynni að batna, var ákveðið á bæjarstjórnarfundi að veita honum styrk úr fátækrasjóði, og var þar eptir úr þessum sjóði 24. marts 1869 eptir að 2 þar til kvaddir menn höfðu skoðað lífbjörg hjá honum og fundið hana ónóga, lánaðr honum kornmatr og peningar fyrir kjöt als 10 rd. 4 mrk. 8 sk. þegar 30. s. m. krafðist bæjarstjórnin endrgjalds á þessum styrk af Akrahreppi og innfærði í reikning sinn þar að auki